



Minnisblað um mótahald vorið 2022 · 4.1.2022

*Snorri Örn Arnaldsson, mótastjóri
b.t. mótanefndar og stjórnar KKÍ*

Efni:

Minnisblað mótastjóra um mótahald vorið 2022

Inngangur

Minnisblað þetta er tekið saman eftir fund mótanefndar og mótastjóra þriðjudaginn 4. janúar 2022. Mótanefnd beindi því til mótastjóra að vinna tillögur út frá samþykkt mótanefndar.

Fjöldgun COVID-19 smita í þjóðfélaginu hefur verið ævintýraleg síðustu vikur. Framan af desembermánuði voru um 130 smit að greinast á dag, en síðustu vikur hefur fjöldi smita verið á bilinu 700-1500 og samkvæmt þeim upplýsingum sem berast frá yfirvöldum þá má búast við að fjöldi smita muni haldast sambærilegur áfram.

Þegar þetta er ritað eru 6.940 í sóttkví og 8.641 í einangrun skv. covid.is, eða alls 15.581 einstaklingar. Viðbúið er að fjöldi einstaklinga í sóttkví geti aukist þó nokkuð núna þegar skólarnir eru að hefja starf sitt aftur eftir jólafrí, og þannig verði enn færri til taks til að spila þá leiki sem framundan eru. Þetta hefur þegar sett mark sitt á mótahaldið, en alls 11 leiki í úrvals- og 1. deildum bíða núna eftir leikdögum eftir að hafa verið frestað. Undirritaður á frekar von á því að þessi leikjafjöldi haldist eða það bætist í á næstu misserum.

Yfirlit

Skoða þarf ákveðnar aðgerðir til að tryggja að mótahald geti farið fram og hægt verði að ljúka þeim keppnum sem eru á dagskrá.

Deildarkeppni úrvals- og 1. deilda

Þó eitthvað sé að safnast upp af frestuðum leikjum núna, þá er ekki ástæða til að hafa miklar áhyggjur af keppni tveggja efstu deilda, þar sem þó nokkuð svigrúm er í dagatalinu til að koma þeim leikjum á.

Deildarkeppni neðri deilda

Keppni 2. deildar karla er nokkuð þétt, þar sem leikið er vikulega. Leikið er mjög óreglulega í 3. deild karla og þar er því mikið svigrúm til að koma frestuðum leikjum fyrir.

Deildarkeppni yngri flokka

Eins og er, þá eru fáir leikir í deildarkeppni yngri flokka sem hefur þurft að fresta. Það kemur helst til vegna þess að deildarkeppnin fer ekki fram eftir 5. desember og þar til í byrjun janúar, og því hafa fáir leikir verið á þeim tíma sem núverandi smitbylgja hefur riðið yfir. Það er þó viðbúið að það fjölgi ansi hratt frestuðum leikjum yngri flokka á næstunni, þar sem talsvert er af leikjum í janúar og febrúar.

Fjöllíðamót yngri flokka

Um komandi helgi verður leikið í MB10 ára. Í lok janúar og byrjun febrúar eru svo fleiri fjöllíðamót. Fyrirséð er að einhver lið komist ekki eða að breyta þurfi fyrirkomulagi fjöllíðamóts vegna aðstæðna.



VÍS bikar 2022

Fyrirhugað er að VÍS bikar karla, kvenna og yngri flokka fari fram dagana 12.-16. janúar í Smáranum í Kópavogi. Nú þegar er búið að leggja í talsverða skipulagsvinnu við viðburðinn, en að þessu koma starfsmenn og sjálfboðaliðar KKÍ, starfsmenn og sjálfboðaliðar Breiðabliks, RÚV, VÍS og Haukar [LED skilti], ásamt ótalmörgum handtökum annarra einstaklinga við að láta umræddan viðburð ganga upp. Þá er ótalin sá undirbúningur sem þau félög sem leika þessa daga hafa þegar lagt í og þurfa að leggja frekar í í aðdragandanum.

Það er óhjákvæmilegt að velta því upp hvað gerist ef lið í undanúrslitum er ófært um að stilla upp liði vegna einangrunar eða sóttkvíar, ef yngri flokka lið kemst ekki eða þau lið sem hafa unnið sér sæti í úrslitum eru komin í sóttkví. Bikarvikan á að vera hátið, en ansi hætt er við því að sá faraldur sem ríður yfir geti búið til hörmungarástand og úr verði óspennandi viðburður sem vinnur gegn hagsmunum körfuboltans og VÍS. Í sjálfu sér þarf ekki mikið að gerast til að við sitjum uppi með ekkert í höndunum.

Þar sem VÍS bikarinn er stór þáttur í mótahaldinu, verður fjallað um aðgerðir vegna hans í þessum lið minnisblaðsins.

Að svo komnu máli er lagt til að VÍS bikar karla, kvenna og yngri flokka verði ekki leikinn dagana 12.-16. janúar 2022 vegna þeirrar stöðu sem uppi er. **Um þetta er mótanefnd og mótastjóri sammála.** Horft er til þess að bikarinn færist inn í mars. Svona breyting á keppnisdagatali er langt í frá léttvæg, þar sem aðrar breytingar fylgja þá með, varðandi færslu leikja og fjöllíðamóta sem fyrirhuguð eru umrædda helgi.

16.-20. mars 2022

Horft er til þess að leika bikarinn þessa daga, undanúrslit karla miðvikudaginn 16. mars, undanúrslit kvenna 17. mars, úrslit yngri flokka 18.-20. mars og úrslit meistaraflokka 19. mars. Þar sem Laugardalshöllin verður ekki leikfær á þessum tíma verður áfram leikið hjá Breiðablik og sú undirbúningsvinna sem þegar hefur verið unnin nýtist þá við framkvæmd bikarúrslita í mars.

Subway deild karla

19. umferð deildarinnar klárast föstudaginn 11. mars. Færa þarf 20. umferð til 24.-25. mars og 21. umferð til 27.-28. mars. Lokaumferðin heldur sér þann 31. mars. Þetta hefur engin áhrif á úrslitakeppni.

Subway deild kvenna

25. umferð deildarinnar færist fram til sunnudagsins 13. mars. Færa þarf 26. umferð til 23. mars og 27. umferð til 26. mars.

1. deild karla

26. umferð deildarinnar færist aftur til mánudagsins 21. mars. Annað skipulag heldur sér.

1. deild kvenna

Lokaumferð deildarinnar færist fram til þriðjudagsins 15. mars. Úrslitakeppni hefst þriðjudaginn 22. mars, sem er fjórum dögum fyrr en áður var áætlað.

Neðri deildir og deildarleikir yngri flokka

Neðri deildir halda sínu striki.

Deildarleikir yngri flokka sem dæmdir eru af dómurum ættu flestir að geta haldið sínu striki, svo framarlega sem viðkomandi félag eða samliggjandi flokkur félags er ekki í úrslitum.

Fjöllíðamót yngri flokka

Minnibolti 11 ára leikur sína 3. umferð helgina 19.-20. mars, en fyrirhugað var að leika strákamótið hjá Breiðablik í Smáranum. Lagt er til að færa það fram um viku. 7. flokkur hefur verið á dagskrá helgina 12.-13. mars, en lagt er til að það mót fari aftur um tvær vikur og verði 26.-27. mars



23.-27. mars 2022

Þessar dagsetningar koma einnig til greina, en henta síður þar sem þá yrði einungis ein umferð eftir í Subway deildum karla og kvenna þegar bikarinn fer fram. Heppilegra er að fleiri umferðir séu eftir af deildarkeppni þegar bikarinn fer fram.

Aðgerðir

Almennt verði horft til þess að keppni ljúki eins og lagt er upp með í keppnisdagatali KKÍ og unnið verði út frá því þegar horft er til frestana og endurskipulagningar leikja. Aðrar helstu aðgerðir sem lagðar eru til eru eftirfarandi:

1. Deildarkeppni úrvals- og 1. deilda

Áfram verði unnið eftir sömu viðmiðum varðandi frestanir leikja og niðurröðun þeirra varðandi COVID-19 frestanir. Það svigrúm sem er til staðar verður notað til að leika þessa leiki. Mótanefnd verður stífari varðandi frestanir leikja þegar kemur inn í mars, þar sem leggja þarf áherslu á að klára mótíð á réttum tíma gerist þess nokkur kostur.

Með færslu bikarkeppni VÍS inn í mars myndast rými dagana 10.-16. janúar til að spila aðra frestaða leiki eins og efni er til.

2. Deildarkeppni neðri deilda

Keppni 2. deildar er nokkuð þétt, þar sem leikið er vikulega og félögin eiga fáa möguleika á að koma leikjum fyrir í miðri viku. Safnist frestaðir leikir upp verður horft til þess að klára þá leiki með því að leika tvo daga í röð eða að koma leik fyrir á virkum degi, svo klára megi deildarkeppni 2. deildar innan marka.

3. Deildarkeppni yngri flokka

Hætt er við því að fjöldi frestaðra leikja verði of mikill til að hægt verði að koma þeim fyrir á vordögum. Líklegt má telja að félög muni leika ójafnan fjölda leikja í hverri deild. Horft verði til þess að klára eins marga leiki og mögulegt er fyrir 8. apríl, en Pálmásunnudagur er sunnudaginn 10. apríl. Takist ekki að ljúka einhverjum leikjum þá falla þeir út og telja ekki í stöðutöflu deildar. Horft verður þá til þess að raða liðum hvarrar deildar rétta röð út frá meðalstigafjölda liða (stig sem lið hefur áunnið sér / fjöldi leikinna leikja liðs).

Um úrslitakeppni yngri flokka segir í grein 25.2. í reglugerð um körfuknattleiksmót:

Mótanefnd skal útfæra úrslitakeppni í þeim yngri flokkum þar sem leikið er í deildarkeppni (9. flokk og eldri). Almennt skal miða við eftirfarandi:

- *Ef færri en 8 lið taka þátt skulu leikin fjögurra liða úrslit, þar sem 1 og 4 mætast annars vegar og 2 og 3 hins vegar, sigurvegarar leikjanna mætast þá í úrslitum. Sigurvegarar leikjanna leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistarartitilinn.*
- *Ef færri en 16 lið taka þátt skulu leikin fjórðungsúrslit (8 liða), þar sem 1 og 8, 2 og 7, 3 og 6, 4 og 5 mætast. Sigurvegarar leikjanna mætast þá í fjögurra liða úrslitum. Sigurvegarar fjögurra liða úrslita leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistarartitilinn.*
- *Ef fleiri en 16 liða taka þátt skal mótanefnd útfæra fyrirkomulag úrslitakeppni.*

Horft verður til þess að fylgja reglugerð varðandi úrslitakeppni yngri flokka, þó með þeim breytingum að leikin verði sex (6) liða úrslitakeppni í þeim deildum þar sem ekki eru minnst átta (8) lið í deild. Sex liða úrslitakeppni er þá leikin þannig að lið 3 og 6 mætast annars vegar og lið 4 og 5 hins vegar. Lið 1 og 2 sitja hjá í fyrstu umferð. Í þeim deildum sem telja átta (8) til tíu (10) lið verði leikin 8 liða úrslitakeppni. Með þessum hætti verður krýndur meistari í hverri deild fyrir sig og einn



Íslandsmeistari í hverjum flokki. Sömuleiðis er lagt til, heppnist þetta fyrirkomulag vel, að umrætt fyrirkomulag verði sett inn í reglugerð um körfuknattleiksmót þannig að leikið verði til úrslita í hverri deild yngri flokka í framtíðinni.

4. Fjölliðamót yngri flokka

Fjölliðamót yngri flokka verða leikin þar sem þeim verður við komið, en að öðrum kosti fari leikir í heima og að heiman fyrirkomulag, svo klára megi leiki í minnibolta 10 ára, minnibolta 11 ára, 7. flokki og 8. flokki. Í minnibolta verður leitast við að dreifa viðkomandi umferð á fleiri íþróttahús, verði ekki hægt að koma því fyrir með fullnægjandi hætti á einum stað. Þannig verði það tryggt að yngri iðkendur fái að keppa þegar þess gefst kostur.

Frestun móts fari þá aðeins fram að sóttvarnarreglur leyfi ekki keppni eða að ekki verði hægt að keppa í minnst einum riðli.

Móti verði einungis aflýst verði ljóst að ekki verði hægt að fresta því og leika síðar, vegna gildandi takmarkana yfirvalda og vegna þess að engar lausar dagsetningar eru eftir í keppnisdagatali til að leika viðkomandi mót.

Reykjavík,
4. janúar 2022

Snorri Örn Arnaldsson
Mótastjóri KKÍ